



Til sveitarstjórnar Dalabyggðar

Búðardalur 10.9.2019

Efni: Beiðni um fjárhagslegan stuðning fyrir nýja líkamsræktaraðstöðu.

Ungmennafélagið Ólafur Pá hefur starfrækt líkamsræktarstöð til fjölda ára á loftinu á Vesturbraut 20 í Búðardal og hefur rekstur hennar eingöngu verið fjármagnaður með aðgangsgjöldum. Árgjaldi í salinn er stillt í hóf en með því viljum við hvetja til líkamsræktar allra óháð aldri og efnahag, en öll innkoma fer í rekstur og viðhald.

Verkefnið er rekið sem samfélagslegt verkefni þar sem öllum kostnaði er stillt í hóf, rekstur bundinn við þrif og almennt öryggi á staðnum, en umgjörðin einföld og íbúum treyst til að ganga vel um aðstöðuna án vöktunar.

Öllum heimilum í Dalabyggð gefst kostur á að kaupa sér aðgang í salinn, og í dag eru um 30% allra heimila í Dalabyggð með aðgang. Mismunandi er hversu margir frá hverju heimili nýta sér þennan aðgang, og í hversu langan tíma.


Eldriborgurum í Dalabyggð er veittur aðgangur í salinn án endurgjalds, eins hafa einstaklingar í endurhæfingu frían aðgang í salinn.

Nú lítur út fyrir að félagið tapi fljótlega þessari líkamsrækstaraðstaða sem er mikil synd fyrir alla íbúa sveitarfélagsins. En það er von okkar að fljótlega verði hægt að finna aðstöðunni húsnæði.

Komið hefur upp sú umræða að Ungmennafélagið myndi kaupa eða byggja yfir aðstöðuna, og hafa forsvarsmenn félagsins verði að skoða báða þessa möguleika, og hefur fengið í lið fagaðila hvað varðar byggingu/breytingar og fjármögnun, en svona hlutir kosta tölувart fjármagn sem félagið á ekki í dag og eins tekur allt svona ferli tíma.

Því óskar Ungmennafélagið Ólafur Pá hér með eftir stuðningi frá Dalabyggð til kaupa/byggja viðunandi aðstöðu fyrir líkamsræktarstöð sem er aðgengileg öllum íbúum Dalabyggðar.

Ungmennafélagið er opin fyrir því að veita Auðarskóla aðgang til íþróttakennslu, gegn mánaðargjaldi, þar til nýtt íþróttamannvirki mun rísa.


Bergþóra H. Jónassdóttir